

Neil Lyndon. Þær vildu líka skjóta hann

Neill Alexander Lyndon (f. 1946) er breskur blaðamaður. Hann er meðal þeirra fyrstu í vestrænum samfélögum, sem reyndu að reisa rönd við yfirgangi kvenfrelsaranna. Hann skrifaði árið 1990 grein í «The Sunday Times Magazine» með titlinum «Illt orðbragð» (Badmounthing). Þar benti hann m.a. á, að yfirgangur kvenfrelsaranna hvarvetna hefði haft í för með sér skort á umburðarlyndi gagnvart karlmönnum í auglýsingum, afþreyingariðnaði, fjölmiðlun, fjölskyldurétti, menntun og heilbrigðisrannsóknum.

Hann sagði m.a.: «Viðhorfum til karla og karlmennsku verður að breyta, eigi að takast að breyta samskiptum karla, kvenna og barna til hins betra. Það væri slæm byrjun að gera karlmenn að skotspóni skeytingarlausra fordóma eins og þeir birtast í hálfkæringslegri umræðu. En mestu varðar þó, að löggjafinn geri gangskör að því að fjarlægja einhverja þá kerflislægu dragbíta í lífi karla, [sem hindra] að þeir megi bæta stöðu sína innan fjölskyldunnar og samfélagsins alls. Á einn hátt má lýsa karlmönnum í Stóra-Bretlandi í heild sinni sem stétt. Í mörgu mikilvægu tilliti eru þeir annars flokks þegar.»

Greininni fylgdi Neill up með bókinni, “Aldrei frammar kynjastríð: Mistök kvenfrelsunar” (No More Sex War: The Failures of Feminism), sem kom út 1992. Sjálfur lýsir Neil bókinni sem „fyrstu framsæknu, kynvænu og jafnréttissinnuðu gagnrýninni á kvenfrelsun á [hennar] eigin forsendum.“ Bókin var endurútgefin árið 2014, óritskoðuð og í fullri lengd, felld inn nýtt verk: „Kynja-óstjórnsmál: Kynferðisvillutrú og kvenfrelsun“ (Sexual Impolitics: Heresies on sex, gender and feminism).

Norður-ameríski fjölfræðingurinn, Warren Farrell (f. 1943), skrifaði um bókina: „Aldrei frammar kynjastríð“ er skipað á bekk þýðingarmestu bóka vorra tíma, skrifuð af hugrekki. [Höfundur] bendir hnitmiðað á sprengjувæðin á leiðinni til ekta jafnréttis kvenna og karla - og ástarinnar. Þegar litið verður um öxl, mun sagan í „Kynja-óstjórnsmálum“ um bannfæringu Neil Lyndon, þegar hann sýndi fram á, að veröld kvenfrelsaranna væri flöt, verða ámóta lærdómsrík og viðbrögð kaþólsku kirkjunnar við Galileo.“ (Galileo de Vincenzo Bonaiuti de Galilei (1564-1642) var ítalskur stjörnufræðingur, sem sýndi fram á, að jörðin væri hnöttótt, en ekki flöt. Það stóð til að brenna hann á báli fyrir vinnutrú, en hann sá sitt óvænna og játaði.) (Bók Warren, „Goðsögnin um völd karla. Hvers vegna karlar mega fara forgörðum“ (The Myth of Male Power: Why Men are the Disposable Sex), kom út árið 1993.)

Breski blaðamaðurinn, David Thomas, sem skrifaði bókina, „Saklaus uns sekt er sönnuð: Til varnar karlmanni samtímans,“ sagði: „Þegar fram líða stundir mun verða litið á Neil Lyndon sem Christabel Pankurst karlréttindahreyfingarinnar.“ (Christabel Pankhurst (1880-1958) var „súffa“ (suffragette), sem barðist fyrir kosningarétti kvenna í Stóra-Bretlandi. Líkingin er misvísandi. Christabel var hryðjuverkamaður og ofbeldissinni, andstætt við Neill.)

Eins og Warren ýjar að í umsögn sinni, varð Neill fyrir dæmafáu aðkasti, sem varð til þess, að hann missti vinnuna og aleiguna og í þokkabót forsjá einkasonarins, í kjölfar þess, að móðirin rændi honum. Sonurinn strauk svo síðar úr móðurvistinni og leitaði athvarfs hjá föðurnum.

Kvenfrelsararnir reyndu á gamalkunnan hátt að koma í veg fyrir útgáfu bókar Neill. Þegar það tókst ekki, brugðu þær á áhrifaríkt ráð; þeir svertu hann og níddu, eyðilögðu mannorð hans. Því var haldið fram, að í bólinu væri hann lítilsmegnugur, að hann væri illa vaxinn niður, að hann væri andfúll og ætti skiljanlega í erfiðleikum með að laða að sér konur. (Þessi aðferð er enn í fullu gildi.)

Kvenfrelsarinn og lögfræðingurinn, Helena Kennedy (f. 1950), skrifaði stutta umsögn um bókina; kaupið hana ekki. Um tveim áratugum síðar kallaði kvenfrelsarinn, Julie Burchill (f. 1959), hann „dauðfyli (sad-sack) og „mannleysu.“ Þessi sómakona er enskur blaðamaður og lýsir sjálfri sér sem herskáum kvenfrelsara.

Neil lýsir reynslu sinni svo: „Eftir að „Illt orðbragða“ var birt, rauf þetta fólk [vinir og kunningjar í sviðsljósinu] tengsl við mig og hafa síðar ekki haft samband. Grannar virtu mig ekki viðlits, þegar ég mætti þeim á götu, og ókunnugt fólk forðast mig í neðanjarðarlestinni. ... Á þessu méli trúleysis, sneyddu siðferðilegri fullvissu og dýrlingum, má trauðla tjá sig með þeim hætti, að svo sé ýfð almenn kredda, að höfundur sé bannfærður og útlægur gerr. Alls konar viðhorf og skoðanir á einveldinu, kirkjunni, stjórnámálamönnum og öðrum opinberum aðiljum, eru leyfileg. Drottinsvik hafa verið afnumin. Ósiðsemi er horfin. Skemmtikröfum er í raun gefinn laus taumurinn. Allt að einu leiddu skrif mín til þess, að frami minn var lagður í rúst. Þau gerðu mig einnig ósnertanlegan.

Hvað hafði ég látið mér um munn fara? Hvað gæti ég hafa krabbað svo ofbeldisfull [og] ögrandi? Upphaf þessarar greinar voru orð á þá leið, að andrúmsloft andúðar umlyki karla. Í auglýsingum, í afþreyingu og fréttum fjölmiðla, var það almælt, að karlar væru í heild sinni andlega og menningarlega undirmáls – fávitar, óhagsýnir, tornæmir [og] ofbeldisfullir eðlissóðar, sem væru ófærir um að elska, bæði sem feður og eiginkarlar.“ Neil heldur áfram:

„Ég tengdi skort á umburðarlyndi gagnvart körlum – sem þótti sjálfsagt – og blindu á misrétti [gagnvart þeim] við allherjardrottnum kvenfrelsunar. Ég færði rök fyrir því, að okkur væri byrgð sýn á sameiginleg fótakfli karla, vegna þess, að konur yrðu einar fyrir (appropriate) kynjamisrétti. ... [Í föðurveldi] þótti það örökrétt, að misrétti gagnvart körlum væri til. ...

George Orwell [Eric Arthur Blair 1903-1950] breskur rithöfundur] skrifaði einu sinni, að „Kapólikkar og byltingarmenn (communists) ættu það sameiginlegt að ganga út frá því sem vísu, að andstæðingar [þeirra] gætu hvorki verið heiðarlegir, né greindir.“ Sem fylgismenn kreddu, tilbeiðendur trúar, deila þeir sömu viðhorfum og hugarfari (assumption). Þar eð ég hafði lagt til atlögu við helgasta helgidóminn, þar sem ég var villutrúarmaðurinn, sem ruðst hafði inn í hof þeirra og velt altarinu um koll, verðskuldaði ég refsingu, tjörubað og fiðrun, að hætti samtímans.“

Í bók sinni bendir Neill m.a. á þýðingu iðnbyltingarinnar fyrir samskipti kynjanna og að uppgötvun getnaðarvarna hefði stuðlað með afgerandi hætti að „frelsun“ kvenna. Þegar Neill braut til mergjar réttarfarið, „komu í ljós menningarlegar og sálrænar rætur kvenfrelsunar samtímans. Í bókinni færði ég sönnur á – það var ég sannfærður um – að breytingar á lífi kvenna frá frönsku byltingunni hefðu í grófum dráttum orðið í almennri sátt, einnig karla. Það feykta burtu þvættingnum, sem kvenfrelsun samtímans á rætur í – [þ.e.] hugarfóstrinu um að samfélag vort sé uppbyggt sem feðraveldi.“ (Það hafði nú reyndar landi hans, lögfræðingurinn og heimsspekingurinn, Ernest Belfort Bax (154-1925), sýnt fram á tæpri öld áður.)

Til frekari fróðleiks má geta þess, að Neill tók gjörvan þátt í „innflutningi“ kvenfrelsunarbábiljanna frá Bandaríkjum Norður-Ameríku til Englands á ofanverðum sjöunda áratugi síðustu aldar. Hann giftist m.a. kvenfrelsaranum, sem síðar rændi syni hans. Sú var svo heittrúuð, að hún bar kvenfrelsunarbarmmerki við hjónavígsluna.

<https://www.theguardian.com/books/2000/dec/15/society>